

## Ragna Árnadóttir

---

**Til** : hrellir@gmail.com  
**Frá** : Ragna Árnadóttir  
**CC** : Heiðrún Pálsdóttir  
**Heiti** : Bréf til Sigurðar Hreins Sigurðssonar vegna beiðni um upplýsingarétt vegna síðari kæru  
**Málsnúmer.** : 2110006  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Efnisflokkur** : Upplýsingar  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 19.11.2021  
**Skráningaraðili** : Skrifstofa Alþingis

Sigurður Hreinn Sigurðsson

Vísað er til fyrri samskipta í tengslum við vinnu undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Með tölvubréfi frá 18. nóvember sl. óskaðir þú upplýsinga um hvort þú fengir andmælarétt vegna niðurstöðu undirbúningsnefndar vegna kæru þinnar er lýtur að Birgi Þórarinssyni. Þá óskar þú upplýsinga um hvort þú fengir aðgang að gögnum og hugsanlegum viðtölum sem nefndin kann að hafa undir höndum vegna kærunnar.

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa mat það sem svo að kæra þín er lítur að Birgi Þórarinssyni gæfi ekki tilefni til sérstakrar gagnaöflunar eða töku viðtala. Þar af leiðandi er ekki fyrir að fara neinum gögnum sem gefa tilefni til sérstakra andmæla af þinni hálfu. Nefndin hefur hingað til ekki kallað eftir afstöðu eða andmælum annarra kærenda við niðurstöðum heldur einungis veitt andmæli um gögn eða upplýsingar sem nefndin hefur aflað og niðurstöður geta grundvallast á.

Gögn nefndarinnar eru birt á vef Alþings sjá <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/undirbuningsnefnd-fvri-rannsokn-kiorbrefa/erindi-til-nefndarinnar/>.

Með kveðju,  
Ragna Árnadóttir

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)